



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Félagarnir Rúnar Vilbergsson og Roland Hartwell eru ekki við eina fjölinu felldir.

Rúnar: Hér er maður eitt hjól í stórrí vél, stjórnandinn ræður en það erum samt við á sviðinu sem á endanum **sköpum töfrana.** **Roland:** Nákvæmlega. Þetta er allt bara tónlist. Það er þá kannski helst að **hávaðinn** sé aðeins meiri í rokkinu.

Það er sérkennilegt til þess að hugsa að margt af þeirri tónlist, sem í dag er leikin í hátímbruðum tónleikasölum fullum af alvarlegum áheyrendum, var á sínum tíma léttúðug skemmtitónlist.

Fyrir meðlimi í sinfóníuhljómsveit getur verið skemmtilegt að skipta um gír og sleppa fram af sér beislinu þegar kjölfötin eru farin að þrengja að. Þessa tilfinningu þekkja vinnufélagarnir Rúnar Vilbergsson fagottleikari og Roland Hartwell fíðluleikari býsna vel.

Rúnar er þurs. Hann blés í fagottið á sínum tíma með hinni goðsagnakenndu hljómsveit Þursaflokknum og lagði mikið til þess einstaka hljóðheims sem þar var skapaður. Roland er í dag mikilvægur tengiliður milli klassíska hluta tónlistarlífsins og annarra sviða þess og tekur þátt í fjölmörgum popp- og rokktonlistarverkefnum.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

AFSLÁTTUR: 180.000 KR.



VERÐ: 2.070.000 KR.

Mazda2 Premium OIG52
Skráður maí 2013, 1,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 61.000 km. Litur: Rauður

AFSLÁTTUR: 260.000 KR.



TILBOÐ: 2.290.000 KR.

Citroën C4 Comfort LNZZ3
Skráður maí 2013, 1,6HDI dísil, beinskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.470.000 kr.

AFSLÁTTUR: 150.000 KR.



TILBOÐ: 3.590.000 KR.

Ford Galaxy Ghia MPV IRS54
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 94.000 km. Litur: Ljósbrúnn
Ásett verð: 3.850.000 kr.

AFSLÁTTUR: 150.000 KR.



TILBOÐ: 2.740.000 KR.

Ford Focus Titanium STW SUP15
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 80.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 2.890.000 kr.

BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

ÓDÝRARI REKSTUR

Nýlegir bílar lækka rekstrar-
kostnaðinn með **lægri eyðslu** og
minna viðhaldi og eru jafnframt
öruggari. Skoðaðu úrval nýlegra
bíla strax í dag.

Finndu bílinn þinn á:
notadir.brimborg.is

LÆGRA VERÐ

Kauptu nýlegan bíl á lægra verði.
Nýlegir bílaleigubílar eru af nýjustu
gerðum (árgerðir 2012, 2013, 2014)
en fást á **læggra verði**.

Hafðu samband við ráðgjafa
og við gerum þér frábært tilboð.

Nýttu tækifærið!

LÉTTARI KAUP

Landsbankinn og Brimborg létta
þér kaupin á nýlegum bíl.

Landsbankinn býður **sérkjör**
á fjármögnun við kaup á
nýlegum bílaleigubíl frá Brimborg:

- 9,15% vextir
- Lægri lántökugjöld
- Allt að 7 ára lánstími
- Allt að 75% fjármögnun



Brimborg tekur allar tegundir
bíla upp í Hagstætt uppítökverð.

KOMDU NÚNA

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 1.720.000 KR.

Citroën C3 Seduction Airdream BAE53
Skráður maí 2012, 1,6 HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Dökkgrár
Ásett verð: 1.920.000 kr.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.



TILBOÐ: 3.290.000 KR.

Ford Kuga Titanium S NPX65
Skráður apríl 2012, 2,0 TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 100.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 3.590.000 kr.

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 2.590.000 KR.

Ford Focus Titanium USL85
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 86.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.790.000 kr.

AFSLÁTTUR: 150.000 KR.



TILBOÐ: 2.340.000 KR.

Citroën Berlingo Multisp. 7 sæta ULN53
Skráður apríl 2012, 1,6HDI dísil, beinskiptur
Ekinn 67.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.490.000 kr.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.



TILBOÐ: 3.950.000 KR.

Ford Kuga Titanium S FKY75
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 81.000 km. Litur: Grár
Ásett verð: 4.250.000 kr.

AFSLÁTTUR: 350.000 KR.



TILBOÐ: 6.530.000 KR.

Ford Explorer Limited TGX72
Skráður maí 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 93.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 6.880.000 kr.




VERÐ: 3.550.000 KR.

Mazda6 Vision VAD41
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 75.000 km. Litur: Hvítur

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

NOTADIR.BRIMBORG.IS



Notaðir bílar
- Brimborg

FYLGSTU MED
NÝJUSTU TILBOÐUNUM

FINNDU BÍLINN
PINN HÉR

50 ár í bílgræininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LAND CRUISER

Sjáðu hvernig landið liggur

REKINGA MALKS FOR TOYOTA



Toyota kynnir nýja og kröftuga útgáfu af Land Cruiser 150. Þetta er hinn eini sanni konungur íslenskra þjóðvega, tignarlegri en nokkru sinni fyrr. Hann gleður augað og býr yfir tæknilegum nýjungum sem lyfta hverri ökuferð á æðra plan. Komdu og sjáðu hvernig landið liggur hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

Verð frá 9.770.000 kr.



Allt að 90% lánshlutfall og lægri vextir



Toyota Kaupúni

Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri

Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ

Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi

Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



SEGIR KJÓSENDUR BLEKKTA Alex Salmond mun brátt láta af störfum sem fyrsti ráðherra Skota. NORDICPHOTOS/AFP

Breskir leiðtogar gagnrýndir:

Salmond segir Skota blekkta

BRETLAND Alex Salmond, fráfaraandi fyrsti ráðherra Skotlands, sakar forystumenn meginflokka Bretlands um að blekkja kjósendur með síðbúnum loforðum skömmu fyrir kosningar.

Kjósendur í Skotlandi höfnuðu sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu á fimmtudag. 55 prósent Skota sögðu nei en 45 prósent voru á öndverðum meiði og sögðu já í atkvæðagreiðslunni.

Salmond segir að kynna hafi átt tillögu um að auka völd Skota fyrir breska þinginu strax að loknum kosningum á föstudag. Það mun dragast á langinn þar sem forystumenn meginflokka hafa ekki náð saman um hvernig eigi að meðhöndla málið.

- jkk

„Hver á að gæta varðanna?“

Dómsmálaráðherra tekur ásakanir um ólöglegar hleranir á hendur sérstökum saksóknara alvarlega. Hann hyggst benda stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd á málið sem svo meti hvort tilefni sé til frekari rannsóknar.

LÖGREGLUMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra og sitjandi dómsmálaráðherra, segist taka ásakanir á hendur sérstökum saksóknara alvarlega, en beri þó fullt traust til embættisins.

Jón Óttar Ólafsson, fyrrverandi starfsmaður sérstaks saksóknara, fullyrði í viðtali við Fréttablaðið að margoft hefði verið hlustað á samtöl verjanda og sakborninga hjá embættinu. Það er ólöglegt.

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

„Menn [verða] auðvitað þegar svona ásakanir koma upp að taka þær alvarlega þó ekki væri nema vegna þess að það er mjög mikilvægt að þessar stofnanir, þessi embætti njóti óskoraðs trausts,“ segir Sigmundur í samtali við fréttastöfu.

Sigmundur hyggst benda stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd á þessar ásakanir og leggja það í þeirra hendur hvort ástæða sé til að rannsaka það nánar. „Ég geri ráð fyrir að senda þeim [réttarfarsnefnd] formlegt erindi og hef í raun verið að leggja drög að því, þar sem nefndinni er falið í samræmi við hlutverk hennar að fara yfir það

regluverk sem gildir um símhleranir og um leið að skoða hvernig því regluverki hefur verið beitt og hvort þurfi að gera á því einhverjar breytingar, hvort þetta sé að virka sem skyldi.“

Sigmundur segir það áhyggjuefni ef svona embætti njóta ekki trausts. „Það er auðvitað áhyggjuefni ef embætti sem fer með svona mikið vald og mikilvægt hlutverk nýtur ekki trausts og ef atburðir verða til þess að draga úr því trausti og þess vegna er það í þágu embættisins ekki síður en annarra að þetta sé allt saman skoðað vel.“

Ríkissaksóknari fékk fyrst vitneskju um óeðlilega framkvæmd símhlerana hjá sérstökum saksóknara árið 2012 en aðhafðist ekkert. Aðspurður hvort það sé eðlilegt segir Sigmundur að bæði ríkissaksóknari og sérstakur saksóknari hafi hafnað þessum ásökunum. „Þær eru þó þess eðlis að það kallar á að þetta verði skoðað,“ segir Sigmundur og bætir við að þarna sé um að ræða mjög mikilvægt „grundvallarprinsipp“ sem sé þrískipting valdsins, sjálfstæði ákærvalds og dómstóla. „Þetta er hin sígilda spurning, hver á að gæta varðanna?“

Sigmundur segir að skoða þurfi málaflokkinn í heild sinni. „Hvað



SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI Dómsmálaráðherra segir að embætti sem fari með mikið vald og mikilvægt hlutverk verði að njóta trausts. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

varðar hleranirnar sérstaklega þá þekkjum við dæmi um að þar hafi hlutirnir ekki alltaf gengið fyrir sig alveg eins og æskilegt væri og þá er spurningin: er það regluverkinu að kenna eða því að menn hafi ekki fylgt því sem skyldi. Er kannski ástæða til að áréttta hlutina enn betur í regluverkinu og það er það sem verður þá unnið núna í framhaldinu.“

fanne@frettabladid.is / hjortur@stod2.is

„Það er auðvitað áhyggjuefni ef embætti sem fer með svona mikið vald og mikilvægt hlutverk nýtur ekki trausts.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra.

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI



Skjót leið
til starfsmenntunar
Skapaðu þér **pitt eigið** góðæri



www.meiraprof.is



NÝI
ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRDUM 11 (ET-HÚSINU) - 104 REYKJAVÍK - Símar: 588 4500 - 822 4502 www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com



ÁHUGAVERÐ RANNSÓKN Magnús Karl Magnússon segir rannsóknina mjög áhuga-verða en rétt sé að bíða eftir nánari rannsóknum á mönnum áður en fullt verði um hugsanleg neikvæð áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný rannsókn á sætuefnum birtist í Nature: Brennlað sykurlöng vegna gervisykurs

HEILSA Ný rannsókn bendir til þessa að neysla gervisykur hafi áhrif á sykurlöng. Prófsessor við Háskóla Íslands segir niðursöðurnar afar athyglisverðar. Hitaeingalags sætuefni eru ein algengustu aukaefnin sem notuð eru í matvælaframleiðslu í heiminum í dag. Þau hafa hingað til verið talin skaðlaus þrátt fyrir gagnrýnisráddir sem sífellt verða háværari.

Í liðinni viku birti Nature, alþjóðlegt tímarit um vísindi, niðurstöður úr rannsókn um áhrif gervisykurs á brennlað sykurlöng eða forstígg sykursýki í bæði mönnum og músum. Rannsóknin var gerð á sætuefnum sakkaráni, súkralósa og aspartami.

Mýs, sem innbyrtu reglulega gervisykur, fengu brennlað sykurlöng og var ástæðuna fyrir því að finna í breyttri þarmaflöru mýsanna.

Tilraunin var sem fyrr segir einnig gerð á mönnum og leiddi

áþekka niðurstöðu í ljós og í músunum en fjórir einstaklingar af þessum sjö fengu sykurbrennlaun. „Rannsókn þessi er mjög athyglisverð. Niðurstöður um hugsanleg áhrif gervisykurs eru sannfærandi og eru í takt við margar nýlegar rannsóknir um mikilvægi bakteríuflöru garnanna í margvíslegum sjúkdómum,“ segir Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti læknadeildar Háskóla Íslands.

„Þó svo að þessi vísindarannsókn hafi beint sjónum að áhrifum gervisykurs bæði í mús og mönnum er rétt að bíða eftir nánari rannsóknum á mönnum áður en við getum fullyrði um hugsanleg neikvæð áhrif. En

engu að síður mjög áhugavert og mikilvægt framlag til að auka skilning okkar á áhrifum þessara efnasambanda á mannlíkamann,“ segir Magnús Karl. Þeir sem vilja kynna sér rannsóknina til hlítar geta lesið hana á vefsíðunni nature.com

- fhg

GLA-Class - glænýr sportjeppi frá Mercedes-Benz

Mercedes-Benz GLA sportjeppinn sameinar notagildi hins lipra borgarbíls og möguleika 4MATIC aldrifsbílsins sem kemst þangað sem hann þarf. Hann er búinn öllum nýjasta öryggis- og akstursbúnaði sem Mercedes-Benz hefur kynnt undanfarið auk þess sem öll hönnun bílsins er til fyrirmyndar.



GLA 200 CDI 4MATIC með 7 þrepa 7 G-TRONIC PLUS sjálfskiptingu.
Verð frá 6.490.000 kr.



Mercedes-Benz

Umhverfisverndarsinnar fylktu liði og kröfðust þess að gripið yrði til aðgerða til að hefta útblástur gróðurhúsalofttegunda:

Góð mæting í kröfugöngu þrátt fyrir slæmt veður

UMHVERFISMÁL „Það gekk rosalega vel og það var rosa góð mæting þrátt fyrir veður,“ segir Hildur Knútsdóttir rithöfundur, ein þeirra sem héldu utan um Loftslagsöngu Reykjavíkur sem haldin var í gær en í kringum 300 manns fylktu liði.

Gengið var frá Drekasvæðinu svokallaða niður á Austurvöll. Þar var haldinn kröfufundur og þess krafist að gripið yrði til raunverulegra aðgerða til að hefta útblástur gróðurhúsalofttegunda.

Gangan er hluti af alþjóðlegri

hreyfingu, Peoples Climate March, en um helgina voru boðaðir yfir 2.700 viðburðir í 160 löndum. Tílfjöldur er fundur sem Ban Ki-Moon, aðalritari SD, hefur boðað til í New York í vikunni. Þar á að liðka um fyrir alþjóðasamkomulagi um minnkaða losun gróðurhúsalofttegunda. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sækir fundinn.

Þetta er annar kröfufundurinn af þessu tagi sem haldinn hefur verið á landinu en seinast voru mótmæli haldin þegar síðasta sérleyfið til ulu-

300 Fjöldi þátttakenda í loftslagsgöngunni í gær.

leitar á Drekasvæðinu var veitt en 97 prósent loftslagsvísindamanna eru sammála um að loftslagsbreytingar séu mjög líklega af mannavöldum.

Fjöl mörg samtök komu að skipulagningu göngunnar svo sem Vefritið Grugg, Náttúruverndarsamtök Íslands, Landvernd og Breytendur – Changemaker Iceland.

- þj



FJÖLMENNI í kringum 300 manns tóku þátt í göngunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins



Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi í síma 515 1100 eða hjá útibúum Olís um land allt.



REKSTARLAND
-léttir þér lífið

Olís Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dóttur fyrirtæki Öluverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100



SKIPTA MILLI SÍN VALDINU Ahmadzai, til hægri, var í gær lýstur nýr forseti Afganistans en lokatölur úr kosningunum hafa ekki verið gerðar opinberar. NORDICPHOTOS/AFP

Valdinu deilt í Afganistan

Ashraf Ghani Ahmadzai er sigurvegari forsetakosninga í Afganistan. Hann hefur undirritað samkomulag um þjóðstjórn ásamt mótframbjóðanda sínum.

KABÚL, AP Ashraf Ghani Ahmadzai og Abdúlla Abdúlla, frambjóðendurnir tveir í nýafstöðnum forsetakosningum í Afganistan, undirrituðu í gær samkomulag um myndun þjóðstjórnar í landinu. Ahmadzai verður næsti forseti landsins en Abdúlla hlýtur nokkurs konar forsætisráðherraembætti.

Andstæðar fylkingar hafa tekist hart á um forsetaembættið síðustu mánuði, en kosningarnar hófust í apríl. Ekki er víst að þeim deilum sé með öllu lokið enn en kjörstjórn gaf ekki upp lokatölur úr kosningunum eftir að hafa lýst Ahmadzai sigurvegara. Fulltrúi bandarískra stjórnvalda, sem reynt hafa að miðla málum milli Ahmadzai og Abdúlla, segir að tölurnar hafi ekki verið gerðar opinberar strax af ótta við óeirðir almennings.

Frambjóðendurnir tveir skrifuðu undir samkomulagið í viðrættum fráfarandi forseta landsins, Hamids Karsai, sem hefur gegnt embættinu frá því að ríkisstjórn talíbana var steypt af stóli árið 2001.

„Ég er mjög glaður yfir því að báðir bræður mínir hafa samþykkt grunninn fyrir nýja ríkisstjórn Afganistans.“

Hamid Karsai, fráfarandi forseti Afganistans.

„Ég er mjög glaður yfir því að báðir bræður mínir hafa samþykkt grunninn fyrir nýja ríkisstjórn Afganistans, sem er landinu fyrir bestu,“ sagði Karsai eftir undirritun samkomulagsins.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var einnig sigurvefurur í kjölfar athafnarinnar en hann fékk frambjóðendurnar til að samþykkja að deila völdum í heimsókn sinni til Afganistans í júlí. Í tilkynningu frá Hvíta húsinu segir að samkomulagið um þjóðstjórnina sé mikilvægt tækifæri til þess að koma á pólitískum stöðugleika í landinu.

bjarkia@frettabladid.is

Tækifæri í september



SIEMENS
Kæli- og frystiskápur
KG 36VUW20 (hvítur)

Útdranganleg „crisper-Box“-skúffa. „lowFrost“-tækni. Stór „bigBox“-frystiskúffa. Hraðfrysting. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

Tækifærisverð:
97.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 119.900 kr.)



SIEMENS
Uppþvottavél
SN 45M507SK (stál)

13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Barnalæsing.

Tækifærisverð:
144.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 179.900 kr.)



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Hlaupið í áttunda sinn í tilefni alþjóðlega hjartadagsins: Hjartadagshlaup næsta sunnudag

FÉLAGSMÁL Hjartadagshlaupið, sem haldið er í tilefni alþjóðlega hjartadagsins, verður haldið í áttunda sinn næstkomandi sunnudag. Ræst verður frá Kópavogsvelli klukkan tíu og er þátttaka ókeypis.

Hjartadagurinn sjálfur er svo á mánudaginn næsta en það er Alþjóðahjartasambandið sem hvetur aðildarfélög sín um allan heim til að halda upp á hjartadaginn. Þema hjartadagsins í ár er samfélagið og umhverfi einstaklingsins



KEPPENDUR RÆSTIR Í FYRRA Hlaupaleiðin liggur um Kársnesið í Kópavogi.

- bá

MYND/HJARTAVERNÐ

AÐEINS Í 2 DAGA

Mánudag og þriðjudag

ÖLL LANGA

- FERSK OG MARINERUÐ
ROÐLAUST/BEINLAUST

SUPER KAUP

1.190

kr.kg

KOMIÐ TÍMANLEGA
ÞAÐ VERÐUR
MIKIÐ AÐ GERA

UMFERÐASTJÓRINN



FISKIKÓNGURINN

SOGAVEGI 3
HÖFDABAKKA 1
Sími 587 7755

www.fiskikongurinn.is

GRÍPTU TILBOÐIÐ

Finndu Fiskikónginn á





Lok til á lager:

Stærðir:

174x217 cm
200x200 cm
210x210 cm
217x217 cm
220x220 cm
217x235 cm
235x235 cm

8 hyrnd lok,
(passar á Unaðskei)

Lokin þola
1.000 kg
snjóþunga.



LOK Á HEITA POTTA

HITAVEITUSKELJAR 1250 - 1600 LÍTRAR

HEITIRPOTTAR.IS

SÍMI
777 2000



SÆKIR VATN Þyrla sækir vatn úr Hagg-vatni í Oregonríki í Bandaríkjunum. Mörg heimili vestur af borginni Portland voru í hættu vegna skógarelda á svæðinu og átti að nota vatnið til að slökkva eldana.




ÁSTAND HEIMSINS



EITT ÁR FRÁ ÁRÁS Eitt ár var í gær liðið síðan byssumenn réðust inn í verslunarmiðstöð í borginni Naíróbí í Kenýa og drápu 67 manns. Ættingjar fórnarlambanna söfnuðust saman á minningarreit sem var afhjúpaður í Karuara-skóginum í Naíróbí.



„SELFIE“ Yurina Yamada, til vinstri, Liliana Garcia og Maria Fernandez stilla sér upp á sjálfmynd í „járnbrautagarðinum“ High Line í New York. Garðurinn var opnaður almenningi til fulls í gær.



MÓTMÆLTU STRÍÐI Þúsundir manna söfnuðust saman í miðborg Moskvu í gær og mótmæltu átökunum sem hafa geisad í Úkraínu að undanförmu.



KYNNTU NÝJA LÍNU Tískumógúlnir Domenico Dolce, til hægri, og Stefano Gabbana veifuðu til áhorfenda eftir að hafa kynnt kvenfátalinu sína fyrir vorið 2015 á tískuvikunni í Milanó á Ítalíu.

KPMG
cutting through complexity

FRÓÐLEIKSFUNDUR

Er ferðapjónustan að fara í vaskinn?

23. sept. | kl. 8:30 | Borgartúni 27

KPMG í samstarfi við Samtök ferðapjónustunnar býður til morgunverðarfundar um boðaðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt og áhrif þeirra á fyrirtæki í ferðapjónustu.

Skráning á kpmg.is



GREEN FREEZER Skipið sat fast frá miðvikudegi til laugardags.
MYND/HJÁLMAR HEIMISSON

Strandað skip dregið á flot: **Green Freezer komið í höfn**

BJÖRGUN Flutningaskipið Green Freezer hefur verið dregið til hafnar í Fáskrúðsfirði og afhent eiganda sínum. Skipið, sem strandaði síðastliðinn miðvikudag, er ekki talið í mjög slæmu ásigkomulagi. Varðskipinu Þór tókst að draga Green Freezer á flot á laugardagsmorgun eftir misheppnaða tilraun deginum áður. Landhelgisgæslan kannaði svo flutningaskipið, sem þunglestað er frystum sjávarafurðum, og mat skemmdir áður en því var beint til hafnar.

**Egill
Árnason™**

GERÐU KRÖFUR

GÓLFEFNI **Eik Rustik**, lögð í síldarbeinsmynstri frá **Junckers**

Þjónusta hefur í fjölmörg ár verið eitt af aðalsmerkjum Egils Árnasonar. Það er okkar trú að þjónustan skilji á milli í samkeppni, það er þess vegna sem að við leggjum allt okkar í að veita þér framúrskarandi þjónustu.

Framundan er átakavetur um kaup og kjör fólks:

Derringur í ráðamönnum

Meðan hinn almenni Íslendingur bíður þess að heyrja fréttir, af gangi kjaraviðræðna og hvað taki við þegar skammtímasamningarnir á vinnumarkaði renna sitt skeið, innan ekki langs tíma, upphéfst enn og aftur derringur milli þeirra sem mestu ráða um framgang málsins. Forysta Alþýðusambandsins hefur slitið samstarfi, samráði og bara hverju sem er sem varðar næstu og nauðsynlegustu skref. Mikið er það merkilegt að þetta eða annað á móta skuli endurtekið aftur og aftur.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur virkjað Facebook til að leggja sitt inn í ósættið og segir þar forystu ASÍ hlaupa eftir frösum sem falli af vörum forystu Samfylkingarinnar. Og Bjarni gerir þar það sama og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur gert, það er að ætla forseta Alþýðusambandsins að stjórnast af komandi forystukosningum í Alþýðusambandinu. Meðan stóru strákarnir eru á þessu stigi í málinu getum við hin, sem eigum svo mikið undir að vel takist til hjá þeim sem hafa valist til forystu hér og þar, ekki vænst mikils.

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Mörgum eru ofarlega í minni orð Sigmundar Davíðs, Bjarna, Gylfa Arnbjörnssonar og svo Þorsteins Víglundssonar í þættinum Sprengisandi, að framundan séu átök á vinnumarkaði og ekki verði sjálfgefið að takist að verja þann árangur sem þó hefur tekist að ná. Þjóðin á svo mikið undir að ekki verði holskefla með ófyrirsjáanlegum afleiðingum í landi verðtryggingarinnar.

Meðan forysta Alþýðusambandsins skellir hurðum og forysta landsstjórnarinnar ullar á móti gerist trúlegast fátt af viti. Það er með ólíkindum hvernig menn geta látið. Gagnrýni Alþýðusambandsins á tekjuáætlun ríkisins og á fjárlagafrumvarpið er gagnrýni sem verður að taka alvarlega. Staða Alþýðusambandsins er, eða allavega á að vera, sú að orð þess eiga að skipta máli, vera tekin alvarlega. Til að svo verði þarf tvennt til, að lágmarki. Að ASÍ hagi orðum sínum af ábyrgð og að ríkisstjórn, á hverjum tíma, sé skipuð fólki sem tekur gagnrýni en firrist ekki við og hamist á forystumanninum. En ekki efninu.

ASÍ þykir halla á þá lakar settu gagnvart hinum. Í þeirra huga er verk að vinna til að snúa af þeirri stefnu sem boðuð er í fjárlagafrumvarpinu og tekjufrumvarpinu. Og þá kemur að því hvaða leið er best að fara til að freista þess að ná fram, að þeirra mati, sem mestum og bestum árangri. Fara í fýlu? Eða freista þess með öðrum hætti að hafa áhrif á það sem verður? Þar sem allir, sem til þekkja og að koma, gera ráð fyrir hörðum átökum um kaup og kjör, bæði milli deilenda á vinnumarkaði og ríkisvaldsins, hlýtur fyrsta krafa okkar hinna að vera sú, að strákarnir hætti þessu rugli og taki að vinna að framgangi málsins.

Ekki er annað að sjá en að fjármálaráðherra hafi lagt fram fjárlagafrumvarp og tekjuáætlun ríkisins til umræðu og endurgerðar. Málið er honum ekki fastara í hendi en svo að nánast hálfur þingmeirihluti ríkisstjórnarinnar hefur fyrirvara um þetta allt saman. Kannski færi best á því fyrir Alþýðusambandið að bæta sér í þann hóp, berjast fyrir sínu og freista þess að fá sitt fram.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Morgunverðarfundir

Heilbrigðismál á Íslandi - áskoranir og lærdómar

90
1924-2014

Dagfinn Tulinius Hallseth, einn helsti sérfræðingur PwC á sviði heilbrigðismála í heiminum ræðir um áskoranir í heilbrigðismálum og hvaða lærdóm Ísland getur dregið af alþjóðlegri þróun.

Allir áhugasamir eru velkomnir. Fundirnir fara fram á ensku.

Akureyri - Hótel KEA
24. september milli 8:30 - 9:30

Reykjavík - Skógarhlíð 12
25. september milli 8:30 - 9:30

Nánari upplýsingar og skráning á vef PwC :
pwc.is/90



FRÁ DEGI TIL DAGS

Eftirárökstuðningur

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra kom kollega sínum, Sigurði Inga Jóhannssyni sjávarútvegsráðherra og ákvörðun hans um að flytja Fiskistofu til Akureyrar, til varnar í pistli á vefsíðunni Feyki um helgina. Gunnar segir ákvörðunina góða og það hafi sýnt sig að flutningur opinberra stofnana og starfa út á land skili miklu fyrir það samfélag sem tekur við stofnuninni sem dafni vel. Þá nefnir hann nokkur dæmi um stofnanir sem hafa verið fluttar með góðum árangri.

Það er gott mál að talsmenn ríkisstjórnarinnar taki þetta mál til umræðu, þar sem hún var engin áður en ákvörðunin um flutninginn var tekin. Þannig má í raun segja að rökstuðningurinn, sem mögulega er ágætur, komi nokkrum mánuðum of seint.

Beint í manninn

Síðar í pistlinum veður Gunnar Bragi í stjórnslufræðing sem hefur tjáð sig um málið.



Hann kallar viðkomandi dyggan stuðningsmann Samfylkingarinnar og segir að þar sem hún hafi setið í ábyrgðarstöðum fyrir Samfylkinguna, og vísar í að hún hafi setið í umbótanefnd flokksins, sé hún óheppileg sem álitgjafi til að gefa faglegt álit á „pólítískum andstæðingi sínum“. Stjórnslufræðingurinn, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, er lektor í fagi sínu við Háskóla Íslands. Gamalkunna tuggan „að fara í manninn en ekki boltann“ á vel við hér, en Gunnar Bragi nefnir ekki einu orði gagnrýni Sigurbjargar um þau umtalsverðu gjöld sem farið er út í þegar stofnunin er flutt.

fanne@frettabladid.is

HALLDÓR



Frelsi til að taka eigur annarra

MENNING



Ágúst Guðmundsson leikstjóri

Ég brást skjótt við þegar ég varð þess var á öndverðum sólmánuði, að kvikmynd mín, Ófeigur gengur aftur, væri komin á YouTube. Ég sendi fyrirtækinu kvörtun í tölvuþósti, sagði skýrt og skorinort að réttur eigandi myndarinnar væri mótfallinn þessari birtingu. Þessu var vel tekið, og 2. júlí fékk ég tilkynningu um að myndin hefði verið fjarlægð af vefnum.

Ekki hafði ég hugsað mér að gera meira í málinu, þar til ég fékk, í ágúst að áliðnum slætti, annað bréf frá YouTube. Þar sagði að sá sem upphaflega hefði sett myndina á vefinn skildi bara ekki af hverju hún væri þar ekki áfram, hún hlýti að hafa verið tekin þaðan fyrir einhvern misskilning. Í næstu málgrein var mér uppálagt að fara í mál við manninn, væntanlega til að fá úr því skorið hvor okkar ætti réttinn á myndinni!

Ég á því ekki annarra kosta vól en að lög-sækja einhvern ungan mann í Njarðvíkunum, sem ég þekki ekkert til. Enn síður veit ég hvað veldur þessum mikla áhuga hans á að sýna á opinberum yttvangi kvikmynd sem hann á ekkert í. Ég veit bara að hann varði ekki tveimur árum ævi sinnar í að gera þessa kvikmynd, hann veðsetti ekki húsið sitt fyrir tíu milljónir hennar vegna og hann tók hvorki við lofi né lasti þegar myndin náði loksins upp á silfurtjaldíð. Svona stendur þetta með YouTube. Í oná-

lag hefur myndin verið sett á ólöglegar vefsíður þar sem henni hefur verið dreift af mikilli rausn ókeypis. Það byrjaði strax vikuna eftir að hún kom út á geisladiskum (DVD). Á sama tíma var hægt að leigja myndina hjá bæði Skjánum og Vodafone fyrir nokkra hundrakalla, en samt sáu nokkur þúsund manns sér hag í að hlaða henni niður ólöglega.

Nú eru við völd stjórn málaöfl sem almennt gera eignarréttinum hátt undir höfði. Á því er þessi eina undantekning: það má stela kvikmyndum og tónlist. Er nú ekki kominn tími til að gera eitthvað í þessu? Öll viljum við frelsi til sem flestra hluta, en hingað til höfum við ekki samþykkt frelsi til lögbrota.

Fjölmargir listamenn hafa kvartað undan stuldi á höfundarverkum sínum, og má þar nefna Ladda og Baltasar Kormák, að ónefndum fjölda tónlistarmanna. Samtök listamanna þurfa að stíga fram til að verja réttindi síns fólks á þessu sviði. Veitufyrirtækin geta með einföldum hætti komið í veg fyrir þessar gripdeildir. Það má hins vegar ekki heyrja á það minnst að sú kvöld sé lögd þeim á herðar. Í staðinn koma athugasemdir um tjáningarfrelsi eða netfrelsi eða alls konar frelsi. Í mínum eyrum hljómar það eins og ákall um frelsi til að taka frá mér það sem ég á.

Vælubíll í vitlausu stæði

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Margir hafa átt um sárt að binda af völdum Hrunsins. Fólk missti vinnu, hús, sparifé, missti tilveru sína. Og ekki eru öll kurl komin til grafar með þau áhrif sem Hrunið hafði í raun og veru á Íslendinga og sjálfsmynd þeirra.

Sögurnar eru óteljandi. Fólk stígur fram á opinberan vettvang og segir farir sínar ekki sléttar, deilir því með okkur þegar það hefur verið órétti beitt og leitast við að virkja vandlætingu okkar og samliðan sem afl til þess að ná rétti sínum eða að minnsta kosti fá stuðning í sínum raunum. Óflugt almenningsálit er mikilvæg auðlind sem margir reyna að snúa sér í vil.

Og sífellt bætast við nýjar sögur – stundum úr óvæntum áttum. Þrjár karlmenn hafa nú nýlega komið fram og harmað hlutinn sinn opinberlega, sagt frá því ranglæti sem þeir telja sig hafa orðið fyrir og reynt að fá okkur til að fyllast hneykslun með sér. Hér er þó ekki um að ræða menn sem eiga um sárt að binda vegna óspillunarsemi bankanna og útrásarvikinganna. Þetta eru fyrrum lögreglumaður, sem kemur nú á ný fram með tveggja ára gömul klögumál sín um sérstakan saksóknara; húseigandi í miðbænum sem fær ekki að rífa gömul hús sem hann hefur komist yfir og svo nú síðast maður sem ekki á þess kost lengur að reka einkaskóla sem virðist hafa verið afar arðbær.

Þíslarvottar

Lögreglumaðurinn seldi þrotabúi Milestone aðgang að því sem hann hafði komist á snóðir um sem starfsmaður sérstaks saksóknara og stefndi þar með í voða dómsmáli á hendur fyrrum eigendum þess fyrirtækis. Sérstakur saksóknari kærði manninn en hafði ekki erindi sem erfiði. Síðan hefur þessi lögreglumaður gert allt sem í hans valdi hefur staðið til að draga úr trúverðugleika saksóknara – við mikinn fögnuð þeirra sem til rannsóknar hafa verið hjá sérstökum saksóknara fyrir fjármálaumsvif sín í aðdraganda Hrunsins. Nú kann eitthvað að vera rétt í frásögn lögreglumannsins þó að ríkissaksóknari hafi á sínum tíma ekki séð ástæðu til að gera neitt sérstaklega með ásakani hans – og vissulega á sérhver maður rétt á réttlátri og sanngjarnri málsferð. Þetta breytir samt engu um gjörðir þeirra sem til rannsóknar eru, og hin eiginlegu mál eiga að snúast um. Og mikilvægt er að dómstólar leiði þau mál til lykta, með sýknun eða sakfellingu, fyrir samfélagið sem varð fyrir búsifjum en ekki síður þá menn sem þurft hafa að bíða árum saman eftir því að þessi mál komi til dóms, og hver manneskja getur séð að er þungbær bið.

Um svipað leyti „steig fram“ og sagði sögu sína húseigandi sem á falllegt hús á Vegamótastíg, sem margir vildu áreiðanlega eiga þess kost að fá að gera upp og koma í íbúðarhæft ástand til að eiga þar fallega tilveru í sátt við umhverfi sitt. Í viðtali í Fréttablaðinu útmáði þessi maður það átakanlega hversu þungbært væri fyrir sig að þurfa að eiga þetta hús, sem hann féi ekki að rífa þrátt fyrir að hafa um árabíl gert sitt besta til þess að láta það grotna niður, og sprakk

” Og ranglætið blasir kannski ekki beinlínis við venjulegum blaðalesendum í þessum málum, og kann jafnvel að orka á suma eins og þegar gljáandi fallegum bíl er lagt í stæði fyrir fatlaða af fullfrískum einstaklingum. Slíkur bíll er af krökkunum kallaður „vælubíllinn“.

meðal annars vatnslögn í því með tilheyrandi skemmdum. Þetta mál er hluti af þeirri grenjavæðingu miðbæjarins sem er einn ómurlegasti fylgifyrirkvæðingunni, þegar aðvifandi umsvifamenn keyptu á uppsprengdu verði gömul og indæl hús á eftirsóttum stöðum í miðbæ Reykjavíkur beinlínis í því skyni að fá að rífa þau – burtséð frá verndargildi þeirra eða sögu – svo að reisa mætti ný hús í staðinn með fullri nýtingu fermetrana. Þetta er dæmi um þá ónáttúru sem getur gripidi vænsta fólk þegar gróðavonin er annars vegar: okkur er flestum eiginlegt, séum við svo lánsöm að eignast húseign, að reyna að prýða hana sem best, laga, dytta að, mála, skreyta og hlusta á það sem gamla húsið hefur að segja okkur, enda þurfum við að læra að hlusta á gömul hús eins og Þórbergur kenndi okkur, því að þar ómar niður aldanna. Sé um það samfélagsleg sátt að tiltekna húseignir eigi að fá að standa, sögu sinnar vegna eða útlits, er það ekki í verkahring einstaklinga – jafnvel þótt stöndugir séu – að breyta þeim ákvörðunum.

Viðkvæmar persónuupplýsingar?

Síðasta dæmið er af manni sem kom á fót einkaskóla sem starfar ekki lengur, en hefur kært Katrínu Jakobsdóttur fyrir að tilteknar upplýsingar um fjárhag og rekstur skólans skuli hafa komið fyrir almennings sjónir. Í augum þessa manns er það augljóslega sambærilegt við lekamálið alræmda þegar upplýsingum og vangaveltum um rekkjunauta og fadernismál fólks var komið á framfæri við fjölmiðla til að réttlæta það að erlendum smælingja skyldi vísað úr landi. Þær upplýsingar sem skólastjórnunum finnst jafngilda slúðri um viðkvæmstu einkamál vegalausra manna eru meðal annars þær, að því er fram kemur á Facebook-síðu Jóns Trausta Reynissonar fyrrum aðstoðarráðgjafa DV, að ríkisendurskoðun hafi gert athugasemdir við rekstur skólans, meðal annars vegna þess að skólastjórnin hafði tekið yfir 80 milljónir í arð og skuldaði ríkinu 192 milljónir króna vegna ofgreiddra styrkja frá árunum 2003 til 2009 að mati ríkisendurskoðunar. Hann hafði líka lánað 55% af eigin fé skólans til „tengdra aðila“. Þetta eru ekki viðkvæmar trúnaðarupplýsingar heldur snúast þær um meðferð opinberra fjármuna, og eiga svo sannarlega erindi við allan almenning.

Það er sjálfsagt að sýna fólki hluttekningu þegar það á við mótlæti að stríða. En lög og reglur verða samt fá að að hafa sinn gang. Og ranglætið blasir kannski ekki beinlínis við venjulegum blaðalesendum í þessum málum, og kann jafnvel að orka á suma eins og þegar gljáandi fallegum bíl er lagt í stæði fyrir fatlaða af fullfrískum einstaklingum. Slíkur bíll er af krökkunum kallaður „vælubíllinn“.

AF NETINU

Fjaðurvigt í pulsumenningunni



Mér finnst fátt betra en unnar kjötvörur og kóladyrkkir. Pulsa og kók og hrossabjúgu og uppstúf eru í mesta uppáhaldi. Sælgætisgrís er ég líka og neytandi áfengis og tóbaks, mismikið á hverjum tíma. Fell því illa að lýðheilsustefnu síðustu ríkisstjórnar og þess vegna greitt hærra hlutfall tekna minna í sameiginlega sjóði en gengur og gerist. Kvarta svo sem ekki undan því.

<http://pressan.is>

Brynjar Nielsson alþingismaður.

Fjárlagafyrirvari



Sjálfur forsætisráðherra og allir aðrir ráðherrar Framsóknar, ásamt öllum þingmönnum flokksins gera formlegan fyrirvara við helsta stefnuplagg ríkisstjórnarinnar! Ríkisstjórnir hafa sprungið af minna tilefni enda er það einfaldlega þannig að ef ekki er nægur stuðningur við fjárlagafrumvarpið þá hefur ríkisstjórnin ekki stuðning meirihluta þingsins.

<http://blog.pressan.is/oddyh/>

Oddný Harðardóttir þingmaður.

Vúdú-hagfræðin



Nú er Sjálfstæðisflokkurinn kominn til valda og formaðurinn Bjarni Benediktsson orðinn fjármálaráðherra þjóðarinnar, sem fer með skattamál.

Bjarni er sem sagt í stöðu til að setja vúdú-hagfræðina í framkvæmd: lækka skatta og láta ríkissjóð græða á galdraþróðunum, án þess að nokkur finni fyrir neikvæðum afleiðingum neins staðar. En nú er annað uppi á teningnum.

<http://blog.pressan.is/stefano/>

Stefán Ólafsson prófessor.

Athugið!

Eigendur dísilbíla

Dísilökutækjum í borgarakstri er sérstaklega hætt við stíflu í sótagnasíu.

Sótagnasíuhreinsirinn frá Liqui Moly (vörunn. LM7180) er mjög virkt efni sem dregur úr myndun sótagna og lengir þannig endingu sótagnasíu dísilvéla.

Sótagnasíuhreinsirinn frá Liqui Moly tryggir fullkominn bruna eldsneytisins og dregur úr myndun sótagna.

Dregur einnig úr útblástursmengun

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

Vélar á verði sem gleður

- fyrir fagfólk í léttum iðnaði og minni verkstæði

Rennibekkir, standborvélar, bandsagir, hjólsagir, bandslípivélar, beygjuvélar, röravalsar, legupressur, fjölklippur, sandblásturstæki og margt fleira.

Sýningarvélar á staðnum og rekstrarvörur að auki

Járnkúttari
130 mm rör
88.101 kr.

Bandsög
67.522 kr.

Rennibekkur
300-550 mm
65.958 kr.

ECO Slípivél
16.190 kr.

Verkfæratasta
m/86 stk
36.315 kr.

Bandsög
125 mm
75.000 kr.

Sandblásturskassi
25.000 kr.

Fjölbeygjuvél
50.110 kr.

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IDN VÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.

MERKISATBURÐIR

1930 Ferðafélag Íslands tekur fyrsta sæluhús sitt í notkun. Það er í Hvítársni við Langjökul.

1957 Árbæjarsafn er opinberlega opnað almenningi með viðhöfn.

1960 Frakkar viðurkenna sjálfstæði Malí.

1964 Söngleikurinn Fiðlarinn á þakinu er frumsýndur á Broadway.

1973 Menntaskólinn í Kópavogi er settur í fyrsta skipti.

1980 Írak ræðst á Íran og þar með hefst átta ára stríð.

2006 Fréttastöðin NFS hættir útsendingum.



PETTA GERÐIST: 22. SEPTEMBER 1992

Sigrún Huld með flest verðlaun

Fyrstu Ólympíuleikum fatlaðra lauk í Madrid á Spáni þennan dag árið 1992. Sundkonan Sigrún Huld Hrafnsdóttir fór heim með flest verðlaun allra keppenda á mótinu, enda stóð henni enginn á sporði. Hún vann til níu gullverðlauna, þar af fimm í einstaklingsgreinum.

Almennt voru Íslendingar sigursælir á leikunum og vakti frammistaða þeirra

almenna athygli, einkum skaraði íslenska sundfólkið fram úr og hlaut alls tuttugu og ein verðlaun, tíu gull, sex silfur og fimm bronsverðlaun.

Ólympíuförum var vel fagnað við heimkomuna. Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, Davíð Oddsson forsætisráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra voru meðal þeirra sem tóku á móti þeim í Leifstöð.



✝

Eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
VALUR ÓSKARSSON
kennari,
lést fimmtudaginn 18. september.



Ásdís Bragadóttir
Jóhanna Ósk Valsdóttir
Eva Huld Valsdóttir
Bragi Þór Valsson
og barnabörn.

Bjartur Logi Guðnason
Ólafur Rúnar Ísaksson
Christina Van Deventer

✝

Bróðir okkar,
SIGURSTEINN HJALTESTED
blikksmiður,
lést að heimili sínu 15. september. Útförin fer fram fimmtudaginn 25. september klukkan 13.00 frá Fossvogskirkju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.



Systkini hins látna.

✝

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og auðsýnda samúð við andlát og útför okkar elskulegu eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
ÖNNU GÍGJU GUÐBRANDSDÓTTUR



Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar Landspítalans, Ljóssins og Karítas fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Haraldur Eiríksson
Agnes Úlfarsdóttir
Eiríkur Haraldsson
Pétur Haraldsson
og barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján Þ. Björgvinsson
Guðrún Olsen
Soo-Kyung Pak-Haraldsson

Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni



Graníthöllin
Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLOTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



VISSI ALLTAF AÐ LAGIÐ YRÐI VINSÆLT Raggi Bjarna efaðist aldrei um að Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig yrði vinsælt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Raggi Bjarna er ekki að hætta áttæður

Tónlistarmaðurinn Ragnar Bjarnason fagnar áttæðisafmæli sínu í dag. Hann segist ekki tilbúinn að hætta í tónlistinni, enda líði honum best þar.

„Það var kona sem sagðist muna eftir mér í afmæli árið 1947. Þá var ég að spila á trommur þannig að ég byrjaði ferilinn 13 ára,“ segir Ragnar Bjarnason, en hann fagnar áttæðisafmæli sínu í dag. Ragnar ætlar að syngja á meðan heilsan leyfir enda líður honum best í kringum tónlist.

Tónlistarhæfileikana fékk hann í vöggugjöf því foreldrar hans voru hljómlistarfólkið Bjarni Böðvarsson og Margrét Lárusdóttir. Tvítugur var Raggi búinn að syngja inn á sína fyrstu plötu og skömmu síðar lék hann með KK sextettinum, Hljómsveit Svavars Gests og var í rúm tuttugu ár með sína eigin sveit, Hljómsveit Ragnars Bjarnasonar, á Hótel Sögu. Eitt mesta ævintýrið á ferlinum segir Raggi hafa verið stofnun Sumargleðinnar sem ferðaðist um landið að sumri í fimmtán ár. „Það var bara allt brjáláð í kringum þetta. Söngur, gleði og grín.“

Árið 1960 kom út lagið Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig sem landsmenn þekkja flestir. Til að byrja með varð Raggi að syngja það á hálf tímafresti til að fá frið á böllum. „Það eru 54 ár síðan ég söng þetta inn í Kaupmannahöfn. Ég vissi alltaf að þetta yrði vinsælt.“

Ragnar hélt upp á afmælið um helgina með tvennum tónleikum í Eldborgarsal Hörpu en um næstu helgi ferðast hann til Akureyrar þar sem tónleikarnir verða settir upp í Hofi. Að auki kom út sextíu laga safnplata með hans helstu perlum. Platan heitir einfaldlega, Raggi Bjarna 80 ára. Eitt lagið sker sig úr af lögun-

Hvað segja samstarfsmennirnir?



„Ég held að Raggi sé einn mesti gleðigjafi sem þjóðin hefur eignast.“

Magnús Ólafsson leikari.



„Hann er léttur og skemmtilegur. Mátulega kærulaus en samt algjör fagmaður.“

Jón Ólafsson tónlistarmaður



„Það eru ekki margir sem þekkja týpuna. Hún er allt frá því að vera þessi kæruleysislegi og lífsglaði lífskúntner og í það að vera mjög vandaður listamaður, þvert ofan í það sem hann lætur uppi.“

Ómar Ragnarsson fjölmíðlamaður

um sextíu á disknum en það er lagið Barn sem Ragnar samdi sjálfur.

„Svavar Gests kom og sagði Raggi, þú verður að semja lag. Ég sagði við hann, ertu vitlaus maður ég hef aldrei samið lag. Það passar, sagði Svavar. „Þú ert alveg mátulega vitlaus til að gera það.““

Aðspurður segist Ragnar ekki tilbúinn til að hætta í tónlist. „Þetta er nú sú spurning sem er búin að vera gutla í kringum mig í rúm 20 ár. Ég

svara henni ekki neitt. Ég get ekki sagt það. Ég spurði konuna hvort ég ætti ekki að hætta eftir áttæðisafmælið. Hún sagði, ertu vitlaus maður, þú verður brjáláður. Hún veit hvernig mér líður best og það er í tónlistinni. Ég er ekki tilbúinn ennþá.“

Nánnar verður rætt við Ragnar Bjarnason í Íslandi í dag á Stöð 2 í kvöld klukkan 18.55 í opinni dagskrá. asgeire@frettabladid.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GLERBÍLL

Breski hönnuðurinn Dominic Wilcox sýndi sérstæðan hugmyndabil á hönnunarhátíðinni í London á dögunum. Bíllinn er úr steindu gleri og sjálfstýrður. Inni í bílnum er rúm þar sem farþegi getur sofð.

Myndlistavörur í miklu úrvali



LISTALAGERINN
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900 - www.jarnogler.is

GEISLANDI Á FIMMTÁN MÍNÚTUM

HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR IROHA-maskarnir eru tilvaldir í þægilegt heimadekur sem nærir húðina og gerir hana ferska. Þeir eru án parabena.

Geymsluboxin frá BYKO gera skipulagningu geymslu og bílskúrs auðveldari og gott að ganga að hlutunum á vísu stað í glæru boxunum frá þeim. Í BYKO má finna allt sem þarf í bæði bílskúrinn og geymsluna hvort sem það eru hreinlætisefnin eða jafnvel sjálf bílskúrshurðin.

BYKO má finna allt sem þarf til að koma skipulagi á hlutina, hvort sem er í geymslunni eða bílskúrnum. „Við erum með geymslubox í öllum stærðum og gerðum,“ segir Aníta Oddsdóttir, starfsmaður í heimilisvörudeild BYKO. „Boxin eru allt upp í 86 lítra og þau koma í ýmsum styrkleikaflokkum. Stærstu geymsluboxin þola þyngri hluti, allt að sextú kílóum.“

Stærri geymsluboxin eru á hjólum þannig að auðvelt er að færa þau úr stað þegar búið er að fylla þau. „Með boxunum er auðvelt að koma skikki á allt dótið í geymslunni og bílskúrnum og hægt að ganga að hlutunum vísu. Gott er að nota glæru boxin því þannig er hægt að sjá hvað er í hverju boxi án mikilla vandræða,“ segir Aníta.

Í heimilisvörudeild BYKO má einnig finna járnhillur sem taka lítið pláss og því upplagt að nota þær í bílskúrinn eða

geymsluna til að raða plastboxunum í. Einnig má þar finna alls konar upphengi og króka til að hengja verkfæri, garðdót og fleira á.

„Auk þess erum við með flokkunartunnur til að flokka sorp en þær eru tilvaldar í bílskúrinn. Það er alltaf að verða algengara að fólk hugi betur að umhverfinu og vilji flokka sorpið og það er auðvelt með flokkunartunnunum okkar sem fást í mörgum stærðum og gerðum.“

Segja má að í BYKO megi finna allt sem þarf í bílskúrinn og geymsluna auk þess sem þarf til að koma skipulaginu í samt lag.

„Við erum með mikið úrval af bílskúrflísu og hreinlætisefnum. Við seljum að sjálfsögðu líka bílskúrshurðirnar, sem eru hannaðar að þörfum viðskiptavina, ásamt því að vera með bílskúrshurðapnara. Öll þau handverkfæri sem þarf til að prýða vel útbúinn bílskúr færðu hjá okkur,“ segir Aníta.



Aníta segir sniðugt að nota plastbox í mismunandi stærðum til að koma skipulagi á í geymslunni og bílskúrnum.

MYND/GVA

„Auk þess erum við með flokkunartunnur til að flokka sorp en þær eru tilvaldar í bílskúrinn. Það er alltaf að verða algengara að fólk hugi betur að umhverfinu og vilji flokka sorpið og það er auðvelt með flokkunartunnunum okkar sem fást í mörgum stærðum og gerðum.“



VERÐVERND BYKO

LÆGRA VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

FLOKKAÐU Á EINFALÐAN HÁTT

Flokkunartunnur sem auðvelda þér verkið. Hver flokkur hefur sinn lit.

Allt vel skipulagt og snyrtilegt

Þegar kemur að hönnun geymslna og bílskúra skiptir gott grunnskipulag öllu máli. Berglind Berndsen innanhússarkitekt segir ekki þurfa að eyða miklum pening í þessi rými en mikilvægt að þau séu vel skipulögð og snyrtileg því það auðveldi umgang.

Það er mikilvægt fyrir mig að huga að sambandi á milli skipulags og innra fyrirkomulags rýmisins hvort sem verið er að tala um bílskúra, geymslur eða önnur rými á heimilinu," segir Berglind Berndsen innanhússarkitekt.

Hún segir einnig mikilvægt að hafa gott skáapláss hvort sem hirslur eru opnar eða lokaðar. „Fólk hugar oft ekki nógu vel að grunnskipulaginu sjálfu. Það þarf að úthuga rýmið þannig að sem best nýting og gott flæði náist. Þarna þarf meðal annars að huga að áhugamálum fjölskyldumeðlima. Setja til dæmis útivistar- og skíðadótið á góðan stað, hjólagræjurnar sér, útilegudótið á enn annan stað og svo framvegis. Þá ganga allir að hlutunum vísu. Einnig er mjög sniðugt að hafa þá hluti sem börnin eiga, meðal annars útivistarföt og hjólagræj-

ur á vissum stað svo þau geti auðveldlega nálgast þá sjálf," segir Berglind.

Þegar kemur að því að raða hlutunum inn í rýmið er best að setja þá hluti sem ekkert eða lítið eru notaðir í kassa eða glær box og merkja vel svo sjáist örugglega hvað boxin hafa að geyma og setja þau innst á góðan stað. „Mjög gott er til dæmis að eiga einn góðan stað fyrir jóladótið sem aðeins er notað einu sinni ári. Eins og ég nefndi hér áður þá finnst mér

mikilvægt að flokka tómsundur fjölskyldumeðlima. Hafa sér stað fyrir hverja tómsundur, það einfaldar einfaldlega hlutina og aðgengi allra og ég þarf vart að taka fram hvað allir verða glaðari," segir hún og brosir.

Berglindi finnst mjög mikilvægt að hafa smá metnað þegar kemur að hönnun og skipulagi rýma eins og geymslu og bíl-




Berglind Berndsen innanhússarkitekt reynir að halda bílskúrnum skipulögðum en hún flokkar dótið eftir tómsundum fjölskyldumeðlima.

ABSEND MYND

skúrs þó þau séu ekki beint til sýnis. „Það er algjör misskilningur að það þurfi að kosta mikinn pening að hafa hlutina vel skipulagða. Það þarf alls ekki að leggja mikinn pening í þessi rými en mér finnst mjög mikilvægt að þau séu vel skipulögð og snyrtileg, það auðveldar einfaldlega

hlutina fyrir alla. Það hefur að minnsta kosti ekki verið lagður einn einasti peningur í bílskúrinn eða geymsluna á mínu heimili en þessi rými er skipulögð eftir tómsundum fjölskyldumeðlima og allir eiga auðvelt með að ganga að hlutunum vísu. Það er það sem mér finnst skipta mestu máli.

„Mjög gott er til dæmis að eiga einn góðan stað fyrir jóladótið sem aðeins er notað einu sinni á ári.



Bílskúrshurðir fyrir íslenskar aðstæður

Héðinshurðir eru glæsilegar og endingargóðar bílskúrshurðir sem hafa sannað sig í rysjóttu íslensku veðurfari. Gerðar úr galvanhúðuðu stáli með þykkri einangrun, þola mikið vindálag og kulda.

Fyrsta flokks viðhalds- og varahlutapjónusta. Ítarlegar leiðbeiningar um uppsetningu fylgja.

HÉÐINS HURÐIR

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is

BÍLAR & FARARTÆKI



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur

Sími: 522 4600

<http://www.krokur.net>



Toyota Yaris Terra, árg. 5/2005, ek 149þkm, bensín, beinskiptur, Góður bíll og gott eintak, Ásett verð 780þ.kr. Er á staðnum hjá okkur,

100 bílar ehf

Pverholt 6, 270 Mosfellsbær

Sími: 517 9999

Opið virka daga 10-18.00, Lau

11-15

www.100bilar.is



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2009, ekinn 66 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.240150. TILBOÐ kr: 2.890.000,-



MERCEDES-BENZ A 200 amg style. Árgerð 2013, ekinn 13 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.990863.



Kia Carens . Árgerð 2014, ekinn 8 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.210544.

ASKJA notaðir bílar

Kletthálsi 2, 110 Reykjavík

Sími: 590 2160

www.notadir.is

Breiðan ehf 821-6292



VW Transporter árg. '06, 9 manna, dísel, ek. 460þús.km., uppt. vél og girkassi, smurbók, sk.'15, 100% lánað, verð kr. 1.450.000,- gsm. 821-6292



VW Caravelle árg.'00, 10 manna, 4x4 syncro, 2,5 dísel, ek. 290 þús.km., smurbók, sk.'15, 100% lánað, verð kr. 980.000,- gsm 821-6292



Ford Econline E-350, árg.'04, 15 manna, ek. 220 þús.km., ný sjálfsk., bensín, sk.'15, hópf.skoðun, 100% lánað, verð kr. 2.250.000,- gsm. 821-6292

Breiðan ehf

Sími: 821 6292



2014 NÝJIR CHRYSLER TOWN & COUNTRY LIMITED

Flottasti fjölskyldubíllinn, V6 290hó, eyðsla í blönduðum akstri 11.8. Með öllum lúxus, 2x Blueray DVD afurí, Rafmagn í hurðum omfi, ATH 2 eftir, Tilboðsverð aðeins 8.390þkr. Eru í salnum,

Íslensk-Bandaríska ehf

Pverholt 6, 270 Mosfellsbær

Sími: 534 4433

Opið virka daga 10-18.00 og lau

11-15

<http://www.isband.is>

Bílar til sölu



Honda CRV skr. 10/2006. ekinn aðeins 69.þ.km. Bensín, sjálfskiptur. Vel með farinn. 1 eigandi. Verð 2.200.000 kr. Uppl. í s. 691-2961



KAUPUM BÍLA

HÆRRA UPPÍTÖKVERÐ

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

0-250 þús.



ÚTSALA 175PÚS!

Peugeot 406, árg. '98 ek. 220þús sk. '15 Krókur. Góður bíll á TILBOÐI 175þús S. 891 9847

Bílar óskast

0-400 STAÐGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-400. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Óska eftir bíl á bílinu 30-500þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.

Má þarfnast lagfæringa.

Hringdu S. 615 1815 eða sendu

sms.

Sendibílar



Renault Traffic árg 2004, skoðaður 2015 ekinn 240,000 km. Uppl í s. 695 2700 verð 650,000.- m/vsk.

Vörubílastöðin Þróttur

Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

568 5000
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við böta foreldra sína.

Láttu ekki B&L okra á þér. Fáðu betra verð á Nissan Leaf Nordic hjá Islandus

Rafbíllinn Ókeypis

Láttu bensínsparnaðinn borga rafbíllinn!

Rafbíll er um 90% ódýrari í rekstri en bensín eða díselbíll. Sumir viðskiptavina islandus.is spara svo mikið að þegar upp er staðið kostar rafbíllinn ekkert. Sparnaður stendur að fullu undir afborgunum.



Nissan Leaf

Frá kr. 2.695.000

Ford Focus Electric

Frá kr. 2.995.000

Bjóðum Nissan

Leaf bæði frá

Evrópu og USA á

lægra verði en B&L



Kynntu þér Ford Focus rafbíllinn

Nú fer hver að verða síðastur að panta rafbíl án tolla og VSK. Hækka um 25% á næstunni.

Sparaðu 2 milljónir! - 100% fjármögnun og Íslensk ábyrgð í boði.



islandus.is

www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000

Vinnuvélar



VINNUVÉLADEKK

Vorum að fá nýja sendingu af vinnuvélaþekkjum. Búkölluðekkhjólaskófluðekki Ofi Ýmsar algengar Staerðir O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is



BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR

Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is

Bílaþjónusta



Stál og Stansar ehf.

Stál og Stansar ehf.

Varahlutir



FELGUR

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

SMÁPARTAR.IS

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevgillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Málarar

LITASKIL EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. lögg. Málarameistari. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. S. 659 7903 og 841 0490.

REGNBOGALITIR

Alhliða málingarþjónusta. Fagþjónusta. Vönduð vinnubrögð. Sími. 891 9890 malarar@simnet.is

Til sölu tumac silo snigjill f. sandsparl, biab loftþessa, vinnupallur 2m. með öryggisgrind. Notað á góðu verði. s. 8932385

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Garðyrkja



Bókhald



Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðafl. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



Tökum að okkur stærri og smærri verkefni f. einstaklinga og húsfélög. Fagmenn á öllum sviðum. B. R Bygg ehf S. 858 3373 brbygg@simnet.is

STRÚCTOR BYGGINGAÞJÓNUSTA EHF. Flísalagnir - Múrverk - Flotun. Áratuga reynsla. Þorsteinn s. 893 6994

Spádómar



SPÁSÍMI 908-6116

Ástir, fjármál & heilsa.

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

» Ráðningaþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningaþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAÞJÓNUSTA

KEYPT & SELT

Til sölu

FERÐAÞJÓNUSTUADILAR !

Húsgögn og fleira til sölu

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsbörð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl. Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.

MJÓG GOTT VERÐ

Nánari upplýsingar gefur Móhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehl.is



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk
Gluggafilmur eða útskornar límfilmur í öllum litum. S: 5807820 eða sendu okkur fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

Sjónvarp


Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til ellif/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 3S. - S. 552 7095.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS

Vatnasklaðning, panill, pallaefti, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.



HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 3. eða 4. herb strax. íbúð til leigu í 101,103,104,105 & 108. Uppl. í s. 773 8478.

Atvinnuhúsnæði

SKRIFSTOFUR

Skrifstofuherbergi til leigu að Ármúla 6 frá 20 fm. Aðgangur að fundarherbergjum, Orange Café og yfir 80 bílastæðum. Allt innifalið í leigu. Lang- og skammtímaleiga í boði. Laust strax.

Uppl. í s: 5 27 27 87 - Orange Project Skrifstofuhótel www.orangeprojecthouse.com

Iðnaðarhúsnæði til leigu, 122fm + milliloft í Lindum Kópavogi. Uppl. í s. 698 5454

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótörhjul ofl. Opið helgina 27. - 28. september og 4. - 5. október frá kl. 11 til 18. Uppl. í s. 895 3176 & 864 3176

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði Umsóknir á staðnum eða í síma 568-3080 Barðinn Skútuvogi 2



WILSON'S PIZZA LEITAR AF STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖÐUR:

Pizzabakara - Pizzasendum - Símsvörum og í afgreiðslu í lúgu (Drive in Vesturlandsvegi) -

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á netfangið: atvinna@wilsons.is



Kornið Bakery is looking for assistants in the Bakery. Please send you job application to umsokn@kornid.is



ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

óskar eftir meiraprófsbílstjóra á Egilsstöðum. Umsóknir óskast á heimasíðu fyrirtækisins, www.gamur.is.

Nánari upplýsingar veitir Helga Fjóra Sæmundsdóttir, framkv. stjóri starfsmannasviðs, helga@gamur.is.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit avintýri Stefnumót: 905-2000 • 535-9920 Konur, allt frítt í s. 555-4321 Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heitar kynslógur 905-2002 • 535-9930 Símadómur • lívespjall 908-6000 • 535-9999

Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!

Fasteignir.is
-Nú með Fasteigna-App

- Með nýja Fasteigna-Appinu skapast íslenskum símnötendum nýir og skemmtilegir möguleikar að leita að fasteignum í farsínum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi eru inni á Fasteigna-Appinu
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing frá þeim stað sem viðkomandi er staðsettur



til sölu

Alltaf loyn
á svölunum

Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit

Skelin er söluaðili svalarlokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux GmbH.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófil. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.

Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.

SKELIN
Höfðabakki 9, 110 Reykjavík Sími 578 6300 skelinehf@skelinehf.is www.skelinehf.is

SOLARLUX®

Vandaðir álsóluskálar og glerhýsi



KL. 20:05

Gulli byggir

Glænýir þættir með Gulla Helga þar sem breytingar og lagfæringar á húsnæði eru í hávegum hafðar.

Fjölbreytt mánudagskvöld

KL. 20:30

Suits

Fjórða þáttaröðin um hinn eitursnjalla Mike Ross og hinn harðsvíraða Harvey Specter.



KL. 21:15

Legends

Glæný þáttaröð frá framleiðanda Homeland og 24 sem byggð er á sögu eftir spennusagnaheistaran Robert Littell.



KL. 22:00

Boardwalk Empire

Fimmta og jafnframt síðasta þáttaröðin af Boardwalk Empire með Steve Buscemi í aðalhlutverki.



KL. 20:30

Eldsnögg með Jóa Fel

Sjónvarpskokkurinn og bakarameisterinn Jóa Fel deilir girnilegum uppskriftum af hjartans lyst.



KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga


Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 20:35

The Vampire Diaries

Þriðja þáttaröðin um unglingsstúlkuna sem fellur fyrir strák sem reynist vera vampír.



SUDOKU

	1	8	4		2				
	5		2		6				
9					1	4	6		
4		5			3	7		9	
6									2
		7	1		8				
3	4				5				6
5						9			
			7			3	5		

LÉTT

8				4	7		5		
							3		
	2				9			1	
1			3				7		
2							8		
3	7	5		6	9	1			
			7	1		6			
5				2	8		4	7	
					4	8			

MIDLUNGS

				1	2	6			
				3	6				
	3	4							
	2			3		4			
	9			2	6	7	3		
1				5				2	
				4	1	2	9		
		9							
			7						4

PUNG

7	5	9	1	3	6	4	2	8		8	6	9	2	5	1	4	7	3		9	1	7	4	5	8	3	6	2
2	3	4	8	7	5	9	1	6		5	4	7	3	6	8	2	1	9		5	2	3	1	6	9	8	7	4
1	8	6	9	2	4	3	5	7		1	2	3	4	7	9	5	6	8		4	6	8	2	3	7	5	9	1
3	9	8	5	4	1	6	7	2		9	3	8	7	4	5	6	2	1		6	4	5	8	1	3	7	2	9
4	1	7	2	6	9	5	8	3		2	5	4	6	1	3	9	8	7		7	8	2	5	9	4	6	1	3
5	6	2	3	8	7	1	9	4		6	7	1	8	9	2	3	4	5		1	3	9	6	7	2	4	8	5
6	2	5	4	9	8	7	3	1		7	1	5	9	2	4	8	3	6		2	5	6	7	4	1	9	3	8
8	4	1	7	5	3	2	6	9		3	9	2	1	8	6	7	5	4		8	9	4	3	2	6	1	5	7
9	7	3	6	1	2	8	4	5		4	8	6	5	3	7	1	9	2		3	7	1	9	8	5	2	4	6

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Ef þú vilt blekkja heiminn, segðu þá sannleikann.“
Otto von Bismarck.

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10		11	
12				13		
	14					15
16				17		
18		19			20	
21						

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. ljá, 6. óreiða, 8. þvottur, 9. maka, 11. skst., 12. kryddjurt, 14. reika, 16. í röð, 17. svörður, 18. galdrastafur, 20. golf áhald, 21. málmur.

LÓÐRÉTT

1. marr, 3. snæddi, 4. titill, 5. eyrir, 7. hliðarspor, 10. angra, 13. bókstafur, 15. einsöngur, 16. stjórnpallur, 19. átt.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Robin Van Kampen (2.637), Skákfélaginu Hugin, hafði svart gegn Andrei Zhigalko (2.584) í lokaumferð EM taflfélaga.

Svartur á leik:



34. ... Rxf2! 35. Hd2 (35. Hxf2 Hd1+ 36. Kh2 Dxf2) 35. ... Hc6 36. e4 Rxe4 og svartur vann skömmu síðar enda tveimur þeim yfir. Einar Hjalti Jensson náði stórmeistaraáfanga með frábærri frammistöðu á mótinu. www.skak.is Vignir Vatnar teflir á HM ungmenna.

FRAMLEIÐENDURNIR **STEVEN SPIELBERG** OG **OPRAH WINFREY**
BJÓÐA ÞÉR UPPÁ SANNKALLAÐA VEISLU

Helen
MIRREN

Om
PURI

Manish
DAYAL

Charlotte
LE BON



FROM THE AWARD-WINNING DIRECTOR OF "CHOCOLAT"

The HUNDRED-FOOT JOURNEY

BASED ON THE BELOVED, BEST-SELLING NOVEL



"A TRUE MASTERPIECE"



Charlotte Observer

"A FEAST FOR THE SENSES"



Arizona Republic

"DELICIOUS FOR THE SOUL"



New York Observer

"LEAVING YOU FULFILLED AND SMILING...HARD!"



Front Row

KOMIN Í KVIKMYNDAHÚS UM LAND ALLT

SAVIBIÓIN
EGILSHÖLL

uno

SAMBIÓIN

MENNING

Nýr forstjóri Norræna hússins

Mikkel Harder Munck-Hansen hefur verið ráðinn forstjóri Norræna hússins.

Daninn Mikkel Harder Munck-Hansen mun taka við stöðu forstjóra Norræna hússins 1. janúar 2015. Það var einróma álit stjórnar Norræna hússins og framkvæmdastjórnar Norrænu ráðherranefndarinnar að tilnefna hann til starfsins.

Mikkel Harder Munck-Hansen hefur síðast gegnt stöðu forstjóra Miðstöðvar fyrir menningu og þróun, en það er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir danska utanríkisráðuneytið. Áður hefur hann verið stjórnandi Kvikmyndahátíða Kaupmannahafnar 2008-2009, yfirmaður leikaradeildar Hins konunglega leikhúss 2003-

2008, yfirmaður útvarpsleikhúss DR 2000-2003 og leikhússtjóri Kaleidoskop 1994-2000. Síðan 2011 hefur Mikkel Harder Munck-Hansen setið í stjórn Dansehallerne, útnefndur af menningarráðuneyti Danmerkur.

Staða forstjóra Norræna hússins var auglýst laus til umsóknar nú í vor og sóttu 57 aðilar um starfið. Max Dager, fráfari forstjóri Norræna hússins, hefur gegnt starfinu síðan 1. janúar 2007.

Forstjóri Norræna hússins er ráðinn til fjögurra ára í senn með möguleika á framlengingu samnings um fjögur ár til viðbótar.



NÝR FORSTJÓRI Daninn Mikkel Harder Munck-Hansen mun taka við stöðu forstjóra Norræna hússins 1. janúar 2015.

Höfundasmiðja í kvikmyndabæ

Næstu fjórar helgar verður haldin fjögurra helga höfundasmiðja í Samkomuhúsi Flateyrar. Markmiðið er að efla leikritun hjá áhugaleikfélögum og tengja við sögur fólksins sjálfs úr samtímanum. Námskeiðin eru öllum opin.

Okkur finnst það ákveðið vandamál að leikrit og bímyndir um landsbyggðina skuli alltaf vera eftir einhverja borgarbúa,“ segir Arnaldur Máni Finnsson, umsjónarmaður verkefnisins. „Svo eru leikfélögin á landsbyggðinni alltaf að setja upp einhverja farsa til þess að hafa gaman af því að vera í leikfélagi. Fæst áhugamannafélögin ráðast í það að skrifa leikritin sjálf, eða fá einhvern til þess. Þannig að hugmyndin að baki þessu námskeiði er að fólkið sem hér býr fái hvatningu af því að vinna með fagfólki og verði opið fyrir því að vinna verkin frá grunni sjálft.“ Námskeiðið verður kynnt öllum áhugaleikfélögum á Vestfjörðum en er opið öllum og val stendur um að sækja allar fjórar helgarnar eða stakar helgar eftir atvikum.

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru ekki af verri endanum, þau Rúnar Guðbrandsson, Tyrfingur Tyrfingsson, Hlín Agnarsdóttir, Víkingur Kristjánsson, Árni Kristjánsson og fleiri, auk þess sem nokkur skáld og rit höfundar munu kíkja við og halda tölur. Arnaldur segist þó vona að væntanlegir þátttakendur líti ekki svo á að þeir eigi ekki erindi vegna skorts á fagmennsku. „Það er mikilvægt að fólk kíkji við og kynni sér um hvað málið snýst og hvaða aðferðum er verið að beita til að þróa hugmyndir og þroska sig til að fá trú á eigin hugmyndum. Aðalatriðið er að koma af stað dýralög þar sem allir hafa eitt-hvað fram að færa, jafnt fagmenn sem áhugafólk.“

fridrikab@frettabladid.is



ARNALDUR MÁNI „Aðalatriðið er að koma af stað dýralög þar sem allir hafa eitt-hvað fram að færa.“

Skipulag námskeiðsins á Flateyri

FYRSTA HELGIN Að opna á sér hausinn: Tyrfingur Tyrfingsson og Rúnar Guðbrandsson

ÖNNUR HELGIN Að opna í sér hjartað: Hlín Agnarsdóttir leiðir ásamt þremur ungum og upprennandi kvenhöfundum. Nánar kynnt síðar.

ÞRIÐJA HELGIN Að opna á sér munninn: Víkingur Kristjánsson ásamt Árni Kristjánssyni.

FJÖRÐA HELGIN Lokahelgi LABloka-helgi: Rúnar Guðbrandsson og Lilja Sigurðardóttir.

Dansandi myndir á hverri opnu

BÆKUR ★★★★★

Freyja Dís sem vildi BARA dansa og dansa

Birgitta Sif

MÁL OG MENNING


Sagan um Freyju Dís er önnur bók Birgittu Sifjar sem kemur út á íslensku, en hún er höfundur bæði mynda og texta. Hún skaust fram á sjónarsviðið á Íslandi með látum með fyrstu bók sinni Óliver fyrir tveimur árum. Sú bók sló rækilega í gegn enda sérstaklega vönduð, bæði hvað útlit og innihald varðar. Nú svarar hún kalli aðdáenda sinna með bókinni Freyja Dís sem vildi BARA dansa og dansa.

Sagan er hugljúf og segir frá Freyju Dís, lítilli stelpu sem hefur gaman af því að dansa. En það er sá hængur á að Freyja litla er afskaplega feimin og getur ómögulega dansað fyrir framan aðra. Söguþráðurinn er nokkuð viðburðasnaður, en myndirnar bæta það snarlega upp því þar er nóg að gerast.

Bókin kom fyrst út á ensku hjá Walker Books-forlaginu í London

og það verður að viðurkennast að liggja hefði mátt lengur yfir íslenska textanum. Jafnvel þótt íslenska sé móðurmál höfundar er málfæri víða óeðlilegt og augljóst að textinn hefur verið þýddur nokkurn veginn beint úr ensku. Hugsanlega hefði verið betra að láta einhvern annan sjá um þýðinguna, einhvern utanaðkomandi sem kemur ferskur að textanum.

Myndirnar eru hins vegar stórglæsilegar, þar þarf ekkert að spara stóru orðin. Þær eru vand- aðar og stútfullar af smáatriðum svo bæði börn og full- orðnir geta gleymt sér á hverri einustu opnu.



Textinn er knappur og einfaldur svo bókinn virkar bæði sem lestrarbók fyrir krakka sem eru að byrja að lesa, sem og upp- lestrarbók fyrir svefninn. Þar sem hver opna er svo ríkulega myndskreytt miðað

við stuttan texta er líklegt að bókin verði lesin aftur og aftur. Þótt sagan sé ekki æsispennandi er hún sannarlega hvetjandi fyrir litla, feimna listamenn.

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

NIÐURSTADA: Í heildina séð er bókin falleg, frábærar myndir og hugljúfur boðskapur, þótt hugsanlega hefði mátt vanda betur þýðingu textans úr ensku yfir á íslensku.

Sæviðarsund 11

104 Reykjavík
Glæsileg 6. herb hæð í tvíbýli

Stærð: 170,4 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1967
Fasteignamat: 36.500.000

RE/MAX

Lind



Opið Hús

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
699-3702
gv@remax.is



Hannes
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@remax.is



MÁNUDAGINN 22. SEPT FRÁ 18:00 - 18:30 Verð: 52.900.000

Mjög falleg og vel uppgerð sex herbergja hæð í tvíbýli með sérinngangi ásamt bílskúr. Skipti möguleg á minni íbúð í póstnúmerum 101, 104, 105, 107


RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Fyrsta Uppspretta vetrarins

Popup-leikhúsið Uppsprettan sýnir fjórum sinnum í Tjarnarbíói í vetur og fyrsta sýningin verður í kvöld klukkan 21. Uppsprettan gengur þannig fyrir sig að höfundar senda inn stutt verk sem aldrei hafa verið flutt áður.

Sex manna dómnefnd fer svo yfir handritin og velur þrjú bestu handritin. Sólarhring fyrir frumflutning fá leikstjórnar handritin í hendur. Um leið fá þeir einnig að vita hvaða rými þeir eru að vinna með og hvaða leikhóp. Þeir hafa svo daginn til að hanna uppsetninguna. Leikararnir fá handritin einnig í hendurnar sólarhring fyrir sýningu, til að kynna sér verkið og kynna textanum, en handrit eru leyfð á sviði.

Þremur klukkutímum fyrir frumflutning, klukkan 18, byrja leikstjórnarnir að vinna með leikurunum í æfingarýmum og fá þá gestir og gangandi tækifæri til að fylgjast með æfingunum.



FREYJA DÍS

Pitt heimili þín stund

Octo 4240 ljós
Verð frá 159.900 kr.




Manhattan púði 40x60
Verð 14.900 kr.



Pasmore hæingastóll
Verð frá 399.900 kr.



M-sófi
Verð 2ja sæta frá 229.900 kr.



Eclipse sófaborð
Verð frá 34.900 kr.

Góð hönnun gerir heimilið betra

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða aðeins vandaðar vörur og tefla fram því besta í evrópski hönnun. Úrvalið einkennist af fallegri og fjölbreyttri hönnun sem stenst tímans tönn. Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavinum við að fegra heimili sín.

Patchwork gólfmotta
Sniðin eftir máli.
Verð frá 85.900 kr. pr. fm

ÓPIÐ Á
LAUGARDÖGUM
FRÁ 11-16

PIPPAR / TBWA - SÍA



Omaggio vasar / Verð frá 3.890 kr.



Catifa 46 stóll / Verð 49.900 kr.



Silvia ljós / Verð frá 13.900 kr.



Nido hæingastóll / Verð frá 179.900 kr.



CUCU klukkur / Verð frá 12.900 kr.



Quadrant hillueining, L: 154,8 cm, H: 80,5 cm / Verð frá 132.850 kr.

ÓTAL
STÆRÐIR
Hægt að raða
saman

MÓDERN

Gulli Briem leggur kjuðunum um sinn

Gunnlaugur Briem, trommuleikari Mezzoforte, syngur og spilar á píanó á nýrri sólóplötu. Hann segir plötuna það persónulegasta sem hann hafi gert í músík.

Trommuleikarinn Gunnlaugur Briem fer út fyrir þægindarammann á nýrri sólóplötu með því að syngja á nýju plötunni sinni og spila á píanó

„Þetta er líklega það persónulegasta sem ég hef gert í músík og ég ákvað að láta allt flakka. Maður er að opinbera sjálfan sig mikið á plötunni, meðal annars með því að spila á píanó og syngja þrjú lög“ segir trommuleikarinn Gunnlaugur Briem. Hann sendir frá sér sína þriðju sólóplötu í vikunni og ber hún nafnið Liberté en sólóverkefni Gulla kallast Earth Affair og hefur hann einnig gefið út plötur Earth og Earth Affair Chapter One.

Hann hefur unnið að gerð plötunnar í mörg ár og kallaði meðal annars breska strengjautsetjarann Simon Hale til leiks, en Hale hefur meðal annars unnið með Björk og Jamiroquai. „Ég er búinn að vera nokkuð lengi að vinna þessa plötu og með smáhléum en í fyrra tók ég mér tak og ákvað að klára verkeið. Ég fékk góða menn með mér í verkefnið eins og Jökul Jörgensen en hann hefur verið minn stærsti partner í þessu ferli, hann semur kynngimögnuð ljóð og spilar á bassa,“ útskýrir Gulli. „Þetta er analogue, meira dökkur hljóðheimur þar sem fléttast saman órafmögnuð hljóðfæri, strengir, píanó sem og trommur, steinharpa frá Páli á Húsafelli, klukkuspil og hljóðgervlar.“

Þá spilar Frank Aarnik á slagverk, Arnar Guðjónsson úr Leaves



ÁKVAÐ AÐ LÁTA ALLT FLAKKA Gulli Briem stígur út fyrir þægindarammann á nýrri plötu.

„Suður-afríski söngvarinn Vusi Mahlasela syngur líka í einu lagi. Hann er eins konar Bob Dylan Suður-Afríku.

á gítara, Joo Kraus og Sebastian Studnitzky leika á blásturshljóðfæri. „Suður-afríski söngvarinn Vusi Mahlasela syngur líka í einu lagi. Hann er eins konar Bob Dylan Suður-Afríku, var öflugur mótmælandi á sínum tíma gegn aðskilnaðarstefnunni og góður vinur Nelsons Mandela.“

Gulli sem er líklega þekktastur fyrir að leika á trommur með hljómsveitinni Mezzoforte semur

tónlistina sjálfur og segir talsvert öðru vísi að tjá sig í gegnum trommusettið annars vegar og söng og píanóleik hins vegar. „Það er mjög ólíkt að tjá sig með röddinni og píanói eða trommusetti. Það væri ekki möguleiki í Mezzoforte því það eru aðrar leikreglur sem gilda þar. Mér finnst hins vegar nauðsynlegt á þessum tímamarki að fara út fyrir þægindahringinn og sjá hvað ég kemst langt án þess að brotna. Þessa dagana reyni ég að ögra sjálfum mér alveg stöðugt, hvort sem það er að spila á trommur, semja nýja tónlist eða gefa út disk,“ útskýrir Gulli.

Liberté kemur út á Íslandi í vikunni og víða í Evrópu 26. september.

gunnarleo@frettabladid.is



GOTT AÐ VERA Í FORELDRAHÚSUM Simon Le Bon segir dætrum sínum greinilega líða vel á hóteli mömmu og pabba.

Dæturnar vilja ekki flytja að heiman

Simon Le Bon á í erfiðleikum með dætur sínar.

Söngvarinn Simon Le Bon á í erfiðleikum með að fá dætur sínar þrjár til þess að flytja að heiman. Hann segir þær vera orðnar svo góðu vanar í foreldrahúsum að það sé ólíklegt að þær flytji út á næstunni.

Dætur hans, Amber 25 ára, Saffron 22 ára og Tallulah 20 ára, búa allar enn í foreldrahúsum og Simon segir í samtali við Daily Telegraph að þær vilji ekki flytja út.

„Fjölskyldan mín er öll uppkom-

in núna. Það er samt enginn séns að fá þær til að flytja að heiman.“ Í viðtalinu talar hann um að það sé jafnvel vegna þess að þær hafi það svo gott í foreldrahúsum. „Hótel mamma og pabbi er greinilega betra en allar íbúðir,“ sagði hann einnig í viðtalinu. Dæturnar gætu þó neyðst til þess að flytja í eigin íbúðir á næstunni þar sem Simon og eiginkona hans, Yasmin, eru að fara að gera upp heimili sitt í Suður-London og ætla sér að fækka herbergjunum í húsinu.

Braust inn til Keanu Reeves

Keanu Reeves lenti í heldur óskemmtilegum aðstæðum á dögum sínum. Leikarinn vaknaði um miðja nótt við skrytinn hljóð á heimili sínu í Hollywood-hæðum í Los Angeles. Hljóðin bárust frá bókasafni kappans og þegar hann opnaði hurðina að herberginu til þess að sjá af hverju hljóðið stafaði blasti við honum kona sem hafði komið sér notalega fyrir í stól í herberginu. Reeves talaði við konuna sem var hin rólegasta og sagði honum að hún hefði komið til þess að ná tali

af honum. Reeves hringdi í framhaldinu í lögreglu sem kom og náði í konuna og fór með hana á viðeigandi sjúkrastofnun en hún hefur átt við geðræn vandamál að stríða. Atvikið átti sér stað aðeins nokkrum mánuðum eftir að leikkonan Sandra Bullock, sem lék með Reeves í myndinni Speed, lenti í svipuðum aðstæðum á heimili sínu. Þá hafði karlmaður sem hefur haft Söndru á heilanum komist inn á heimili hennar og var að róta í persónulegum munum hennar.

Fastengi

TIL SÖLU
EIGNIR Á
AKUREYRI

FREKARI
UPPLÝSINGAR HJÁ
SÖLUADILUM

EIGNAMÉLUN
AKUREYRI
Sími 464 5555
www.fasteygnak.is

FASTEIGNASALAN
BYGGÐ

Sími 464 9955
www.byggd.is

FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.
Sími 464 9955
www.fastmark.is

EIGNAVER

Sími 460 6060
www.eignaver.is

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Skipagata 9, Akureyri



Skipagata 9

Samtals 1.246 fm,
1. 2. og 3ja hæð hússins.
Allt í útleigu.
Gott hús í góða ástandi,
staðsett í miðbæ
Akureyrar.
Verð kr. 280 milljónir

Sunnuhlíð 12, Akureyri



Tvö bil í verslunarkjarna.

104 fm bil á 1. hæð og 89 fm bil á 2. hæð.

Verð: 1. hæð 104 fm kr. 5,2 milljónir.
2. hæð 89 fm kr. 4,5 milljónir.

Tryggvabraut 22, Akureyri



Samtals 243,2 fm á 1. hæð,
þar sem rekið er bakarí og brauðgerð.
Er í útleigu.
Verð : kr. 25 milljónir.

Stjarnan getur tryggt sér titilinn í kvöld

FÓTBOLTI Næstsíðasta umferð tímabilsins í Pepsi-deild kvenna fer fram í dag en Íslandsmeistarar Stjórnunna geta tryggt sér titilinn annað árið í röð með því að ná í stig gegn Aftureldingu á heimavelli. Liðið er með sex stiga forystu á Breiðablik og verður einnig meistari ef Blikum mistekst að leggja botnlið ÍA að velli, óháð úrslitum síns leiks.

Stjarnan vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil árið 2011 en tímabilið í fyrra fór í sögubækurnar því Garðbæingar fóru í gegnum tímabilið án þess að tapa stigi. Stjórnustúlkur töpuðu svo fyrsta leiknum sínum í ár, gegn Breiðabliki, en hafa síðan ekki tapað leik. Liðið varð bikarmeistari í síðasta mánuði eftir sigur á Selfossi í úrslitaleik.

Stjarnan, sem vann einnig deildabikarinn í vor, hefur aldrei unnið stóru titlana tvo á sama árinu. Allir leikir dagsins hefjast klukkan 17.15.



- esá

Hamilton tók forystu í stigakeppninni

FORMÚLA 1 Lewis Hamilton bar sigur úr býtum í kappakstrinum í Singapur í gær en liðsfélagi hans hjá Mercedes, Nico Rosberg, hætti keppni. Þar með tók Hamilton fram úr Þjóðverjanum Rosberg í stigakeppni ökuþóra þegar fimm keppnir eru eftir af tímabilinu og 150 stig í pottinum. Hamilton er með 241 stig en Rosberg 238.

Sebastian Vettel á Red Bull náði forystunni um tíma eftir síðasta viðgerðarhléið en Hamilton var fljótur að komast aftur fram úr og tryggja sér sinn sjöunda sigur á tímabilinu. Vettel varð annar eftir

baráttu við Daniel Ricciardo, liðsfélaga sinn, og Ferrari-manninn Fernando Alonso.

Vandræði Rosbergs byrjuðu áður en keppnin hófst og þurfti hann að ræsa af þjónustusvæðinu. Hann hætti á 13. hring eftir að kúplingin virkaði ekki. Reynt var að skipta um stýri en það lagaði ekki vandann.

„Stýrið virkaði ekki og þar með ekki bíllinn. Við þurfum að komast til botns í þessu því þetta er ekki í fyrsta sinn sem við erum að glíma við bilanir. Við þurfum að gera bíllinn 100 prósent áreiðanlegan,“ sagði Rosberg.



SIGURREIFUR Hamilton á verðlaunapallinum í Singapur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

QPR - STOKE 2-2

0-1 Mame Biram Diouf (11.), 1-1 Steven Caulker (42.), 1-2 Peter Crouch (51.), 2-2 Niko Kranjcar (88.).

ASTON VILLA - ARSENAL 0-3

0-1 Mesut Özil (32.), 0-2 Danny Welbeck (34.), 0-3 Aly Cissokho, sjálfsmark (36.).

BURNLEY - SUNDERLAND 0-0

NEWCASTLE - HULL 2-2

0-1 Nikica Jelavic (48.), 0-2 Mohamed Diame (68.), 1-2 Papiss Cisse (73.), 2-2 Papiss Cisse (87.).

SWANSEA - SOUTHAMPTON 0-1

0-1 Victor Wanyama (80.).

WEST HAM - LIVERPOOL 3-1

1-0 Winston Reid (2.), 2-0 Diafra Sakho (7.), 2-1 Raheem Sterling (26.), 3-1 Morgan Amalfitano (88.).

LEICESTER - MANCHESTER UNITED 5-3

0-1 Robin van Persie (13.), 0-2 Angel Di María (16.), 1-2 Leonardo Ulloa (17.), 1-3 Ander Herrera (57.), 2-3 David Nugent, víti (62.), 3-3 Esteban Cambiasso (64.), 4-3 Jamie Vardy (79.), 5-3 Leonardo Ulloa, víti (83.).

TOTTENHAM - WEST BROM 0-1

0-1 James Morrison (74.).

EVERTON - CRYSTAL PALACE 2-3

1-0 Romelu Lukaku (9.), 1-1 Mile Jedinak, víti (30.), 1-2 Fraizer Campbell (54.), 1-3 Yannick Bolasie (69.), 2-3 Leighton Baines (83.).

MANCHESTER CITY - CHELSEA 1-1

0-1 André Schürrle (71.), 1-1 Frank Lampard (85.).

STAÐAN

Chelsea	5	4	1	0	16-7	13
Southampton	5	3	1	1	9-3	10
Aston Villa	5	3	1	1	4-4	10
Arsenal	5	2	3	0	10-6	9
Swansea City	5	3	0	2	8-6	9
Manc. City	5	2	2	1	8-5	8
Leicester	5	2	2	1	9-8	8
West Ham	5	2	1	2	9-8	7
Tottenham	5	2	1	2	7-6	7
Hull City	5	1	3	1	7-7	6
Liverpool	5	2	0	3	7-8	6
Man. United	5	1	2	2	9-8	5
Stoke City	5	1	2	2	4-5	5
Everton	5	1	2	2	11-13	5
Crystal Palace	5	1	2	2	8-10	5
West Brom	5	1	2	2	3-7	5
Sunderland	5	0	4	1	5-6	4
QPR	5	1	1	3	3-11	4
Burnley	5	0	3	2	1-4	3
Newcastle	5	0	3	2	5-11	3

visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins

Utandeildarhetjan sá um stjórnur Van Gaal

Jamie Vardy átti þátt í öllum fimm mörkum Leicester í mögnuðum 5-3 sigri liðsins á stjórnur prýddu liði Manchester United. Lærissveinar Louis Van Gaal komust í 3-1 forystu í leiknum en nýliðarnir frá Leicester gáfust aldrei upp.

FÓTBOLTI 5-3 sigur Leicester á stórlíði Manchester United í ensku úrvalsdeildinni í gær reyndist sögulegur. United hafði aldrei áður fengið á sig svo mörg mörk í leik gegn nýliða í ensku úrvalsdeildinni og þetta er í fyrsta sinn sem liðið tapar leik eftir að hafa verið tveimur mörkum yfir. En hetja leiksins var hinn 27 ára Jamie Vardy sem fyrir aðeins þremur árum var að spila í utandeildinni í Englandi.

Vardy skoraði eitt mark, lagði upp tvö og fékk bæði vítin sem Leicester skoraði úr í leiknum í gær. Hann hreiddi hinn unga Tyler Blackett, leikmann United, nánast linnulaust þar til að sá síðarnefndi braut á Vardy þegar hann var sloppinn einn í gegn og fékk rautt spjald fyrir.

Vardy var að spila sinn fyrsta leik í byrjunarliði í ensku úrvalsdeildinni og skoraði einnig sitt fyrsta mark. Hann var valinn maður leiksins og skyldi engan undra.

